

Fræðslunefnd 26.03.2007

Þann 26. mars var haldinn fundur í Fræðslunefnd Húnavatnshrepps.

Mæting samkvæmt undirskrift.

Dagskrá:

Starfsmannamál.

Kennslustundakvóti.

Skóladagatal.

Önnur mál.

1. Starfsmannamál.

Þorkell sagði frá því að auglýsa þyrfti eftir kennurum í stað Orra og Valgerðar þar sem í ljós er komið að þau leita ekki eftir endurráðningu.

Þá kom fram að Sigurður H. Pétursson hefur sagt stöðu sinni lausri.

Var Þorkeli falið að auglýsa stöðurnar.

2. Kennslustundakvóti.

Þorkell lagði fram áætlun um kennslustundakvóta fyrir 2007-2008 og er hún óbreytt 314 stundir á viku. Ákveðið að óska eftir sveitastjóri fái heimild til að bæta við 10 stundum á viku ef þörf krefur.

Fræðslunefnd samþykkir þessa áætlun fyrir sitt leiti.

3. Skóladagatal 2007-2008.

Gert er ráð fyrir að skólaasetning verði 27. ágúst og að skóladagar verði 180. Samþykkt var að hafa skóladagatalið eins og það lá fyrir með lítils háttar breytingum.

4. Önnur mál.

a) Þorkell sagði frá tölvukaupum og þakkaði um leið Orra fyrir hans þátt í uppsetningu þeirra.

b) Þá sagði Þorkell frá góðum árangri nemenda skólans í Stóru upplestrarkeppninni þar sem annað sætið hlaut Stefán Logi Grímsson og þriðja sæti hlaut Sandra Haraldsdóttir.

c) Ægir fór yfir reikningsuppgjör mötuneytis skólans þar sem fram kom að hagnaður var rúmar 230.000. kr.

d) Þá sagði Ægir frá námskeiði fyrir kjörna fulltrúa í nefndum sveitarfélaga sem fara með skólamál sem haldið var á Akureyri og fjórir nefndarmenn sóttu.

e) Þá var rætt um fimm daga kennslu fyrir yngstu bekkina í skólanum. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

“ Skólanefnd leggur áherslu á að fimm daga kennslu verði komið á fyrir yngstu bekkni skólans og beinir því til sveitastjórnar að því verði komið í framkvæmd sem fyrst”.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Pétur Pétursson

Ægir Sigurgeirsson

Þorkell Ingimarsson

Sigurður Árnason

Eline Schryver

Þóra Sverrisdóttir

Kristín Rós Sigurðardóttir

Orri Jóhannsson